

FUNDARBOÐ

**275. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 12. mars
2026 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 736: "Framlagður Viðauki II við fjárhags- og framkvæmdaáætlun Borgarbyggðar 2026.

Framlögð drög og sveitarstjóra falið að fullvinna og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

3. 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

Farið yfir stöðu á viðræðum vegna samstarfssamnings við UMSB.

4. 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendapjónustu tæknilegra innviða

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 735: "Framlögð drög að gögnum vegna útboðs á hýsingu og rekstri upplýsingatækniumhverfis Borgarbyggðar, auk notendapjónustu. Til fundarins kemur Þórunn Unnur Birgisdóttir verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði.

Framlögð drög að útboðsgögnum og felur byggðarráð sveitarstjóra að fullvinna framlögð drög og láta fara fram útboð á grundvelli þeirra.

Samþykkt samhljóða."

5. 2602046 - Stjórnsýslukæra Sólar til framtíðar nr2

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 735: "Framlögð stjórnsýslukæra Sólar til framtíðar sem send hefur verið Innviðaráðuneytinu þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar frá 15. janúar 2026 um að hafna beiðni kæranda um að fram fari söfnun undirskrifta vegna samþykktar sveitarfélagsins á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Framlögð stjórnsýslukæra og bréf innviðaráðuneytisins til sveitarfélagsins dags. 5. febrúar þar sem tilkynnt er um kærana. Sveitarstjóra falið að taka saman greinargerð í samræmi við beiðni ráðuneytisins.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Rafn Sigurðsson véc af fundi undir þessum dagskrárlið."

6. 2602109 - Starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 735: "Farið yfir starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar. Kynnt yfirlit yfir verkefni slökkviliðsins 2025, umsögn slökkviliðsstjóra um úttektarskýrslu HMS lögð fram og farið yfir horfur árið 2026. Til fundarins kemur Heiðar Örn Jónsson slökkviliðsstjóri situr undir þessum dagskrárlið..

Byggðarráð þakkar slökkviliðsstjóra fyrir góða yfirferð á starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar árið 2025. Samtals voru útköll slökkviliðsins 42 á árinu. Haldnar voru 32 æfingar þar sem tekið var fyrir allt sem varðar brunavarnir, slökkvistarf og björgun fólks úr bílflökum og brennandi húsum. Þá sinnti slökkviliðið fjölda skoðana og veitti leyfi og umsagnir, samtals komu 227 slökkvitæki til skoðunar og eldvarnareftirliti var sinnt. Markmið slökkviliðsins er að leggja ríkari áherslu á eldvarnareftirlit á árinu 2026.

Tveir nýir slökkvibílar bættust í flota slökkviliðsins á árinu og mikil endurnýjun varð á smærri búnaði. Þá var gengið frá langtímaleigusamningi á húsnæði fyrir 280 fm slökkvistöð á Hvanneyri sem er bylting í húsnæði og aðbúnaði. Samtals bættust 17 nýir slökkviliðsmenn í hópinn í lok árs og er hópurinn nú í nýliðþjálfun og við nám í slökkviliðsfræðum. Unnið er að endurbótum á húsnæði slökkviliðsins í Reykholti.

Á fundi byggðarráðs nr. 732 var lögð fram úttekt HMS á Slökkviliði Borgarbyggðar. Í niðurstöðu úttektarinnar kemur fram að tvö af 31 úttektaratriðum eru metin óásættanleg af HMS. Þau snúa að brunavarnaáætlun og eldvarnareftirliti. Í umsögn slökkviliðsstjóra er greind raunstaða þeirra atriða sem HMS metur óásættanleg, farið yfir forsendur úttektarinnar, lögð fram úrbótaáætlun og dreginn fram sá árangur sem náðst hefur í starfsemi slökkviliðsins. Í umsögn slökkviliðsstjóra kemur fram að gert er ráð fyrir að brunavarnaáætlun fari á fullt skrið á vormánuðum. Þá er bent á að niðurstaða HMS er varðar eldvarnaeftirlit byggir fyrst og fremst á skorti á skráningu, yfirsýn og formlegri skoðunaráætlun í gagnagrunninum Brunaverði sem er rafrænt kerfi opið HMS. Eldvarnaeftirliti hefur hins vegar verið sinnt að töluverðu leyti en ekki skráð og unnið í gegnum Brunavörð heldur í öðru kerfi. Úttekt HMS gefur því ekki fulla mynd af stöðu eftirlitsins. Skráning í Brunavörð hefur verið sett í réttan farveg. Ljóst er hins vegar að áfram þarf að vinna að því að efla eldvarnareftirlit í Borgarbyggð. Slökkvilið Borgarbyggðar er eitt hið öflugasta á landinu og skýrsla HMS undirstrikar þá staðreynd. Byggðarráð styður úrbótaáætlun slökkviliðsstjóra en hefur væntingar til þess styrkja megi eldvarnareftirlit á þessu og næsta ári án þess að auka þurfi verulega fjárveitingar í málaflokkinn.

Samþykkt samhljóða."

7. 2512076 - Umsókn um deiliskipulag - Sveinukot

Afgreiðsla 84. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Sveinukot. Lagður er fram uppdráttur dags. 25.02.2026. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

8. 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514

Afgreiðsla 84. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

9. 2603048 - Bjargsland II - Breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla 84. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna óverulegra breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga 123/2010 fyrir eigendum fasteigna við Fjóluklett í Borgarnesi. Samþykkt samhljóða."

10. 2601241 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 735: "Farið yfir áform um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2026.

Lagðir fram tveir lánasamningar vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að, annars vegar samtals útgreiðslufjárhæð kr. 650.000.000,- og hins vegar samtals að útgreiðslufjárhæð kr. 250.000.000,-.

Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir að vísa til staðfestingar hjá sveitarstjórn að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að útgreiðslufjárhæð allt að kr. 250.000.000,- og höfuðstólsfjárhæð allt að kr. 291.578.679,- með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem byggðarráð hefur kynnt sér.

Einnig samþykkir byggðarráð Borgarbyggðar að vísa til staðfestingar í sveitarstjórn að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 650.000.000,- með lokagjalddaga þann 4. desember 2033 í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem byggðarráð hefur kynnt sér.

Til tryggingar lánunum, þ.m.t. höfuðstól, uppgreiðslugjaldi, vöxtum, dráttarvöxtum og öðrum kostnaði samþykkir sveitarstjórnin að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Lánin eru tekið til að fjármagna byggingu fjölnota íþróttahúss - knatthús í Borgarnesi. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er Stefáni Brodda Guðjónssyni, sveitarstjóra, kt. 230771-4649 veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Borgarbyggðar, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Lánasjóður hefur enn fremur samþykkt beiðni Borgarbyggðar um stækkun á lánaramma að fjárhæð 1.950 m.kr. vegna ársins 2026. Byggðarráð samþykkir að hefja lántöku í samræmi við þann ramma til að fjármagna yfirstandandi framkvæmdaverkefni og verkefni ársins.

Samþykkt samhljóða."

11. 2602149 - Skipan í raflínunefnd vegna Holtavörðuheidarlínu 1

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 735: "Lagt fram erindi félags- og húsnæðismálaráðuneytisins dags. 12. febrúar 2026 þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Borgarbyggðar í raflínunefnd vegna Holtavörðuheidarlínu 1, sbr. ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðherra 14. nóvember sl. að verða við beiðni Landsnets um skipun nefndarinnar.

Byggðarráð samþykkir að tilnefna Davíð Sigurðsson sem fulltrúa Borgarbyggðar í raflínunefnd Holtavörðuheidarlínu 1 og sveitarstjóra falið að senda tilkynningu til ráðuneytisins þar að lútandi.

Samþykkt samhljóða."

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 736: "Framlagt svar frá skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála í innviðaráðuneytinu vegna skipunar fulltrúa Borgarbyggðar í raflínunefnd. Þar kemur fram að sbr. 28 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 skal tilnefna bæði karl og konu þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Sveitarfélaginu beri að tilnefna bæði karl og konu í nefndina eða skýra hvaða hlutlægu ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt.

Byggðarráð hefur áður tilnefnt Davíð Sigurðsson í nefndina og samþykkir að tilnefna einnig Ragnhildi Evu Jónsdóttur.

Samþykkt samhljóða."

12. 2510327 - Brattagata - Gatnaframkvæmdir

Afgreiðsla frá fundi nr. 736: "Í sumar stendur til að ráðast í endurbyggingu á Bröttugötu í Borgarnesi. Í kjölfar fundar byggðarráðs nr. 730 hefur verið skoðað að koma fyrir snjóbræðslu í Bröttugötu samhliða endurbyggingu. Kostnaðaráætlun snjóbræðslukerfis í Bröttugötu kynnt og minnisblað starfsmanns lagt fram.

Áætlun leiðir í ljós að gera má ráð fyrir að kostnaður við snjóbræðsluna yrði um 25-30 m.kr. og að rekstrarkostnaður á ári yrði 850 - 2.000 þús.kr. Áætlaður framkvæmda- og rekstrarkostnaður er því miður verulega hærri en byggðarráð hafði væntingar um. Byggðarráð fellur því frá þeirri hugmynd að innifela snjóbræðslukerfi í útboði á endurbyggingu Bröttugötu.

Samþykkt samhljóða."

13. 2602154 - Beiðni eigenda Hæls um að jörðin verði tekinn af afréttarskrá.

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 736: "Eigendur jarðarinnar Hæls í Flókadal hafa sent inn erindi þess efnis að biðja um að jörðin verði tekin af afréttarskrá.

Kemur þessi beiðni með vísan í 6.gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. 1986/6 en þar segir: "[Stjórn fjallskilaumdæmis semur skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota.] 1) Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarétti hverrar jarðar í [fjallskilaumdæminu], 1) og verður henni

ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórnar og með samþykki jarðeiganda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu þegar færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar."

Fjallskilanefnd Borgarbyggðar vísar í álits Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9305/2017 dags. 30. nóv. 2018, en þar segir:

„Í úrskurði Sýslumannsins á Vesturlandi dags. 16. mars 2017 var á því byggt að ákvæði síðari málslíðar 42.gr. laga nr. 6/1986 yrði ekki skilið á annan veg en þann að það, hvort á jörð væri einhver búrekstur eða ekki, skipti ekki máli varðandi álagningu samkvæmt því. Engu skipti hvort jörð væri nýtt til búreksturs eða ekki eða hvort jörðin nýtti afréttinn að einhverju leyti eða engu. Ég tel ekki tilefni til athugasemda við þessa niðurstöðu enda er hún í samræmi við það álit mitt frá 12. september 2000 í máli nr. 2638/1999 að heimildin til álagningar fjallskilagjalds tæki til þeirra sem ættu upprekstrarrétt á afrétt eða annað sameiginlegt sumarbeitiland sem fjallskilin tækju til. Þá skipti ekki máli hvort þessi réttur er nýttur eða ekki. Í tilvikum þeirra jarðareiganda sem ekki væru með bústofn og gætu því ekki nýtt þennan rétt sinn væri um að ræða geymdan rétt, ef svo mætti að orði komast. Rétturinn yrði virkur þegar stofnað væri til búfjárhalds á jörðinni."

Fjallskilanefnd Borgarbyggðar leggur til við sveitarstjórn að hafna fyrrgreindu erindi um að jörðinn Hæll í Flókadal verði tekin af afréttarskrá og leggur þá ákvörðun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Byggðar samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu og rökstuðning Fjallskilanefnar Borgarbyggðar og leggur til við sveitarstjórn að hafna því erindi að jörðin Hæll í Flókadal verði tekin af afréttarskrá.

Samþykkt samhljóða.

14. 2412005 - Brákarey-Skipulagsmál

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 736: "Framlögð tillaga að samkomulagi um frestun gatnagerðargjalda við lóðarhafa í Brákarey sem tryggt hafa sér lóð við Vallarás. Markmiðið er að auðvelda flutning á atvinnustarfsemi úr Brákarey til annars svæðis innan sveitarfélagsins í kjölfar endurskipulags svæðis, í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að styðja við slíka tilfærslu.

Tillagan felur í sér að nokkuð staðlað sambærilegt samkomulag bjóðist þeim lóðarhöfum sem um ræðir. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu að samkomulagi og felur sveitarstjóra að bjóða lóðarhöfum í Brákarey.

Samþykkt samhljóða."

15. 2401006 - Rammasamningar Borgarbyggðar

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 736: "Umræða um rammasamninga Ríkiskaupa sem eru að renna út og aðild og ávinning sveitarfélagsins.

Lagður fram listi yfir þá rammasamninga sem Borgarbyggð er aðili að. Farið yfir þá tvo rammasamninga sem sem eru að framlengjast og rædd staða opinna rammasamninga. Samþykkt að halda áfram þátttöku í rammasamningum um Samgöngur og Túlka- og þýðingarþjónustu.

Samþykkt samhljóða og vísað til sveitarstjórnar."

16. 2602046 - Stjórnsýslukæra Sólar til framtíðar nr2

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 736: "Framlögð greinargerð Borgarbyggðar, sbr. afgreiðslu 735. fundar byggðarráðs, vegna stjórnsýslukæru og bréfs innviðaráðuneytisins til sveitarfélagsins dags. 5. febrúar þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar frá 15. janúar 2026 um að hafna beiðni kæranda um að fram fari söfnun undirskrifa vegna samþykktar sveitarfélagsins á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Greinargerð framlögð."

17. 2511138 - Leigusamningur um land fyrir golfvöll að Hamri

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 736: "Lögð er fram ósk leigutaka Golfklúbbs Borgarness um stofnun nýrrar lóðar [ónefnd lóð] úr landi Hamars lnr. L135401 í Borgarbyggð. 

Um er að ræða lóð innan golfvallarins sem er stofnuð fyrir handhafa afnota af vellinum til uppbyggingar á sértækum mannvirkjum sem styðja við starfsemi innan svæðisins íp204. 

Mannvirki eru á lóðinni sem eru eign Golfklúbbs Borgarness. Ekkert deiliskipulag er á svæðinu. Lóðin er 78,6 ha. að stærð og skilgreind sem íþróttasvæði í endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar fyrir árin 2026-2037.  

Samningur er í gildi um lóðina sbr. samning „Leigusamningur um land fyrir golfvöll að Hamri í Borgarnesi“ undirritaður þann 15. júní 2003.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að lóðin verði stofnuð með merkjalýsingu og um hana verður gerður lóðaleigusamningur sem segir til um réttindi og heimildir lóðarhafa Golfklúbbs Borgarness. Einungis er verið að afmarka lóð innan núverandi samnings.

Byggðaráð felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða."

18. 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

Afgreiðsla frá fundi byggðarráð nr. 736: "Í framhaldi af svari Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 10.2.2026 við erindi Borgarbyggðar dags. 23.12.2025 um sérstakt framlag vegna fjölda flóttamanna á Bifröst er lögð fram uppfærð umsókn til sjóðsins.

Framlagt og sveitarstjóra falið að fullvinna og senda til Jöfnunarsjóðs."

19. 2603003 - Aðalfundur SSV 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 736: "Framlagt boð á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem fram fer 25. mars 2026.

Framlagt og fulltrúar Borgarbyggðar á aðalfundinum eru Bjarney L. Bjarnadóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Eðvarð Ó. Traustason, Eva M. Jónudóttir og Brynja Þorsteinsdóttir."

20. 2602118 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 736: "Framlagt boð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga sem fram fer 20. mars 2026.

Framlagt og byggðarráð felur Sigurði Kristjánssyni fjármálastjóra að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

21. 2510200 - Gjaldskrár 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 736: "Til að bregðast við sérstökum aðstæðum í gatnagerð á einstökum svæðum er lagt til að inn í samþykktir Borgarbyggðar um gatnagerðargjöld verði bætt við nýrri grein sem verði 6. gr samþykktanna.

"Hækkun gatnagerðargjalda.

Sveitarstjórn er heimilt, þar sem sérstakar aðstæður krefjast, að hækka gatnagerðargjöld á afmörkuðum stað eða svæði í allt að 15% pr. fermetra af byggingarkostnaði í vísitöluhúsi eins og hann er á hverjum tíma. Sérstakar aðstæður geta m.a. verið hár gatnagerðarkostnaður á viðkomandi stað/svæði og að gatnagerðargjöld standi ekki undir gatnagerðarkostnaði á viðkomandi stað/svæði.

Ákveði sveitarstjórn að nýta sér þessa heimild, skal hún gera um það sérstaka samþykkt þar sem fram kemur hversu lengi heimild til hækkunar frá 4. gr. þessarar gjaldskrár gildir, hvert sé tilefni hækkunarinnar og aðrar þær málefnalegu ástæður sem búa að baki ákvörðuninni."

Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingum á gjaldskrá gatnagerðargjalda og felur sveitarstjóra að fullvinna og leggja fyrir sveitarstjórn til fullnaðarafgreiðslu.

Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

22. 2602014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 735

- 22.1 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða
- 22.2 2602046 - Stjórnsýslukæra Sólar til framtíðar nr2
- 22.3 2602109 - Starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar
- 22.4 2004149 - Egilsgata 11 - lóðamál
- 22.5 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús
- 22.6 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 22.7 1810002 - Félagslegt leiguhúsnaði
- 22.8 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál
- 22.9 2601254 - Styrktarsjóður EBF-umsóknarfrestur til febrúarloka 2026
- 22.10 2602116 - Áform um breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum
- 22.11 2602090 - LED-væðing í Borgarbyggð 2026
- 22.12 2602156 - Samtal við Veitur vegna hitaveitu, framkvæmda ofl.

- 22.13 2601241 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2026
- 22.14 2511042 - Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur 14. nóv 2025
- 22.15 2602023 - Erindi frá Brákarbraut 19 vegna Brákareyjar
- 22.16 2602142 - Aðalfundur Veðifélags Álfará á Mýrum 2026
- 22.17 2602149 - Skipan í raflínunefnd vegna Holtavörðuheðarlínu 1
- 22.18 2602145 - Fundarboð umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þri 3. mars.
- 22.19 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 22.20 2501076 - Fjarskiptasamband í Borgarbyggð

23. 2602026F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 736

- 23.1 2509209 - Staða framkvæmda í Borgarbyggð
- 23.2 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi
- 23.3 2510327 - Brattagata - Gatnaframkvæmdir
- 23.4 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 23.5 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús
- 23.6 2402272 - Beiðni Slökkviliðs Borgarbyggðar um allt húsnæðið Litla Hvammi Reykholti
- 23.7 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
- 23.8 2602071 - Egilsholt 1 - lóðarfrágangur
- 23.9 2602154 - Beiðni eigenda Hæls um að jörðin verði tekinn af afréttarskrá.
- 23.10 2412005 - Brákarey-Skipulagsmál
- 23.11 2401006 - Rammasamningar Borgarbyggðar
- 23.12 2602046 - Stjórnarsýslukæra Sólar til framtíðar nr2
- 23.13 2509247 - Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og skipun stjórnar til undirbúnings stofnunar sameinaðs sveitarfélags
- 23.14 2510096 - Starfsemi og fjármögnun Þróunarfélagsins Grundartanga árið 2026
- 23.15 2603002 - Sveitarstjórnarfundur unga fólksins 2026
- 23.16 2511138 - Leigusamningur um land fyrir golfvöll að Hamri
- 23.17 2602273 - Vallarás 16D - Umsókn um lóð
- 23.18 2602117 - Línustæði, eignarréttur og endurgjald
- 23.19 2602149 - Skipan í raflínunefnd vegna Holtavörðuheðarlínu 1
- 23.20 2603034 - Göngubrá á Borgarfjarðarbrú
- 23.21 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 23.22 2603003 - Aðalfundur SSV 2026
- 23.23 2602118 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2026
- 23.24 2602005 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2026
- 23.25 2501076 - Fjarskiptasamband í Borgarbyggð
- 23.26 2603040 - Reglur um fjárhagsaðstoð 2026
- 23.27 2510200 - Gjaldskrár 2026

- 23.28 2603041 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2026
- 23.29 2602286 - Melabraut 2b - Umsókn um lóð
- 23.30 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

24. 2602027F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 84

- 24.1 2512076 - Umsókn um deiliskipulag - Sveinukot
- 24.2 2602060 - Efra-Nes - umsókn um deiliskipulag - L134858
- 24.3 2411033 - Hraunsás III - umsókn um deiliskipulag - 204514
- 24.4 2603029 - Brekkukot - umsókn um deiliskipulag - L134386
- 24.5 2603048 - Bjargsland II - Breyting á deiliskipulagi
- 24.6 2602280 - Ósk um umsögn - br.ask Hvalfjssv- efnistökusvæði.
- 24.7 2602291 - Ósk um umsögn - br.ask Hvalfjarðarsveit - verslun og þjónusta.

25. 2602028F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 71

- 25.1 2602275 - Hreinsunarátök 2026
- 25.2 2602274 - Umsóknir í styrkvegasjóð 2026
- 25.3 2602276 - Snjómokstur í Borgarnesi.
- 25.4 2510198 - Hönnun á opnum svæðum og leikvöllum í Borgarnesi

26. 2602021F - Fjallskilanefnd Borgarbyggðar - 36

- 26.1 2602154 - Beiðni eigenda Hæls um að jörðin verði tekinn af afréttarskrá.
- 26.2 2602155 - Opinn fundur fjallskilanefndar Þverárréttar 11.febrúar 2026

10.03.2026

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu.